



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Fjárlaganefnd Alþingis, b.t. formanns
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Selfossi, 12. desember 2018.

Beiðni til fjárlaganefndar og heilbrigðisráðherra vegna Bráða- og slysamóttöku HSU á Selfossi

Visað er til fyrra erindis frá 7. september 2017, 27. september 2018 og 25. október 2018. HSU hefur áður gert ráðuneyti grein fyrir fordæmalausum vexti í starfsemi heilsugæslusviðs frá 2014 og vill undirrituð góðfúslega endurtaka fyrri ábendingar og beiðnir. **Frá árinu 2014 til 2017 hafa komur á bráða- og slysamóttöku á Selfossi hafa aukist um 45%, eða úr 8.530 í 12.335 og stefna í ár í tæplega 14.000 komur.**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um „Heilsugæslu á landsbyggðinni“, frá apríl 2018 er bent á: „*Einnig var bent á að fjárveitingar til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni taki ekki mið af ört vaxandi íbúafjölda og þjónustu við ferðamenn. Fjármögnun stöðugilda heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga hafi því ekki fylgt auknum fjölda verkefna.*“

Í skýrslu Embættis landlæknis á hlutaúttekt á heilsugæslusviði HSU, frá desember 2017 eru ábendingar gefnar bæði til framkvæmdastjórnar HSU og eftirfarandi ábendingu beint til Velferðarráðuneytis: „*Taka ákvörðun um að háfa bráðamóttöku staðsetta á Selfossi. Embætti landlæknis telur mikilvægt að heilbrigðisyfirvöld taki ákvörðun um að bráðamóttaka sé fyrir hendi á Selfossi og taki tillit til þess í fjárveitingum.*“

Hratt vaxandi álag og verkefni á Bráða- og slysamóttöku (BMT) HSU á Selfossi eru gjörólík eðlilegum vexti í rekstarumhverfi heilbrigðisumdæma. HSU hefur rökstutt hver viðbótin þarf að vera til að bæta raunvöxt í starfsemi tengt ófyrirsjáanlegum vexti grunnþjónustu og íbúafjölgun. Vegna þessa hefur verið nauðsynlegt að bæta í mönnun hjúkrunarfræðinga og lækna til að tryggja grunnþjónustu sem skylt er að veita á BMT á Selfossi. Til þess að hægt sé að halda uppi lögbundinni þjónustu hefur þurft að ráða til starfa, umfram stofnfjárveitingu ársins 2011, fleiri hjúkrunarfræðinga, sérfræðilækni og öryggisverði. Aukin afköst starfsmanna draga úr öðrum kostnaði sem annars myndi falla á sjúkraflutninga og aukið álag í komum á BMT Landspítala. Áætluð árleg viðbótarfjárveiting sem þarf til að standa undir núverandi nauðsynlegri lágmarksmönnun og rekstri BMT á Selfossi, nemur 105 millj. kr.

Ávallt er það hlutverk framkvæmdastjórnar HSU að skipuleggja starfsemi og mönnun á eins hagkvæman hátt og kostur er hverju sinni og hefur það verið gert óhikað. Áfram verður hverjum steini velt við í rekstrinum til að finna bestu leið við nýtingu fjármuna og heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneyti upplýst um aðgerðir og framvindu þeirra aðgerða hverju sinni.

Færa má rök fyrir því að framangreind framleiðsluaukning á þjónustu sem er staðreynd á HSU felur í sér kostnað sem er langt umfram það sem hagræðingaradgerðir, verðlagsbætur milli fjárlaga og innbyggð áætlun um 1% raunvöxt ná að standa undir. Ófjármögnuð mönnun starfsmanna meiga því flokkast því undir „ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg útgjöld“, skv. 24 gr. laga nr. 123 frá 2015 um opinber fjármál. Ófyrirsjáanleg því ógerlegt er að spá fyrir um viðlíka aukningu í komum bráðveikra sjúklinga og óhjákvæmileg vegna lögbundinnar skyldu við að veita bráðaþjónustu í heilbrigðisumdæmum. Því er þess farið á leit við fjárlaganefnd og heilbrigðisráðherra að rekstargrunnur HSU verði á árinu 2017 stvrktur um 105 millj. kr. vegna BMT á Selfossi.

Virðingarfyllt f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,
Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri.

Afrit sent:
Heilbrigðisráðherra
Þingmönnum Suðurlandskjördæmis